

# Lög

## um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 74/2012 (veiðigjald 2018).

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara laga, m.a. 8. og 9. gr., skal veiðigjald á landaðan afla, frá og með 1. september til 31. desember 2018, nema í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla þeim fjárhæðum sem hér segir:

Tegund	Veiðigjald kr.	Tegund	Veiðigjald kr.
Blágóma	2,82	Loðna	1,80
Blálanga	9,98	Lýsa	7,59
Búrfiskur	78,73	Makrill	3,35
Djúpkarfi	17,35	Náskata	2,60
Gjölnir	3,25	Rækja	1,74
Grálúða	58,13	Sandkoli	3,04
Grásleppa	9,76	Síld	3,22
Gullkarfi	13,23	Skarkoli	17,14
Gulllax	6,51	Skata	5,86
Háfur	5,21	Skrápflúra	2,60
Hákarl	1,30	Skötuselur	25,59
Hámeri	5,21	Slétti langhali	9,76
Hlýri	16,92	Snarphali	3,04
Humar	20,17	Sólkoli	37,31
Hvítskata	6,72	Steinbítur	12,80
Hörpudiskur	10,19	Stinglax	8,03
Ígulker	8,03	Stóra brosma	3,04
Keila	6,94	Tindaskata	1,52
Kolmunni	1,16	Ufsi	13,23
Langa	11,50	Úthafskarfi	13,23
Langlúra	6,51	Ýsa	25,16
Litla brosma	1,95	Þorskur	21,69
Litli karfi	7,81	Öfugkjafta	9,11

Veidigjald annarra nytjastofna en í töflunni greinir er 1,03 kr. á hvert kílógramm óslægðs afla. Veidigjald fyrir hval er sem hér segir: Langreyður 51.440 kr. og hrefna 8.230 kr. Veidigjald á sjávargróður er: 514 kr. á hvert landað tonn klóþangs, hrossaþara og stórþara (blautvigt).

Hver gjaldskyldur aðili á rétt á því að veittur sé 20% afsláttur af fyrstu 1,58 millj. kr. álagðs veidigjalds og 15% afsláttur af næstu 1,58 millj. kr. álagningar, vegna afla sem landað er frá 1. september til 31. desember 2018.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fyrirmælum annarra ákvæða laganna verður beitt við framkvæmd laga þessara, þótt löggin falli að öðru leyti úr gildi 31. desember 2018.

---

*Samþykkt á Alþingi 8. júní 2018.*